

Tillaga fulltrúa Flokks fólksins um að finna leiðir til að auka áhuga sérfræðinga á störfum hjá Reykjavíkurborg

Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að farið verði í markvissa og skilvirka vinnu til að finna leiðir til að auka áhuga sérfræðinga eins og sálfræðinga og talmeinafræðinga á að vinna hjá borginni. Með því að laga skipulagið og fyrirkomulagið þannig að þeir geti unnið í meiri samvinnu og teymisvinnu að heildstæðri greiningu á vanda barns er líklegt að hægt verði að gera störf skólasálfræðinga hjá borginni meira aðlaðandi en nú er. Frumgreining gæti batnað og skilað meiri árangri ef þær yrðu unnar meira í teymi ólíkra sérfræðinga eftir því sem börnin þurfa. Með þessu myndi tilvísunum fækka í “frekari” greiningu nema kannski í allra þyngstu málunum s.s. hjá börnum sem þurfa fötlunargreiningu eða eru með alvarlegri geðrænan vanda sem þarfnast heilbrigðisþjónustu.

Greinargerð:

Greiningarvinna og ráðgjöf þarf að vinnast í meira samstarfi við aðra sérfræðinga (sálfræðinga, talmeinafræðinga, kennsluráðgjafa og hegðunarráðgjafa) svo barnið fái heildstæða greiningu strax í upphafi. Til þess að svo verði þarf að fjölga fagaðilum, ráða fleiri sálfræðinga og talmeinafræðinga.

Velferðarsviði í skjóli síðasta og núverandi meirihluta hefur ekki tekist að halda í sálfræðinga sína eða laða til starfa nýja sálfræðinga og talmeinafræðinga. Mörgum sálfræðingum hefur einnig misboðið þegar farið var að kalla þá “ráðgjafa” sem leitt hefur til þess að margir hafa einfaldlega pakkað saman og farið annað. Eftir situr slakt aðgengi nemenda að sálfræðingi skólans til að ræða sín mál við. Um lausnarteymið er allt gott að segja en það veitir aðeins starfsfólki ráðgjöf. Verktakar hafa verið fengnir til að “redda” málum en með þeim og þeirra vinnu vantar eftirfylgni og að tengja þá við breytt vinnubrögð skólanna. Skortur er því á samvinnu/teymisvinnu sem hefur haft neikvæð áhrif á samfellu og skilvirkni.

Við í Flokki fólksins þreymumst ekki á því að setja börn í fyrsta sæti. Þau eru framtíðin og við verðum að gefa þeim tækifæri til að vera framtíðin. Ef við gerum það ekki þá erum við ekki að standa okkur sem samfélag.